

REGLUGERÐ

um lýtalækningar sem sjúkratryggingar almannatrygginga taka til.

1. gr.

Gildissvið.

Í reglugerð þessari og fylgiskjali með henni er kveðið á um lýtalækningar sem sjúkratryggingar almannatrygginga taka til, sbr. lög nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, hvort sem lækniþjónustan er veitt á sjúkrahúsi sem rekið er af ríkinu, hjá sjálfstætt starfandi sérgreinalækni eða öðrum aðilum sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samið við samkvæmt IV. kafla laga nr. 112/2008.

2. gr.

Sjúkratryggðir.

Sjúkratryggður er sá sem er búsettur á Íslandi og hefur verið það a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta er óskað úr sjúkratryggingum að uppfylltum öðrum skilyrðum laga um sjúkratryggingar, nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 10. gr. laga um sjúkratryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn yngri en 18 ára sem búsett eru hér á landi eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn. Að öðru leyti gilda um það hverjir teljast sjúkratryggðir hér á landi 10.-16. gr. laga um sjúkratryggingar.

Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hvort einstaklingur teljast sjúkratryggður.

3. gr.

Lýtalækningar sem sjúkratryggingar taka til.

Lýtalækningar sem sjúkratryggingar taka til eru lýtalækningar vegna fæðingargalla, þroskafrávika, áverka, sýkinga, æxla eða annarra sjúkdóma þegar meðferð er ætlað að bæta verulega skerta líkamsfærni, svo og lagfæring lýta eftir sár eða slys, s.s. alvarlegan bruna, sbr. nánari tilgreiningu í VI. dálki fylgiskjals með reglugerð þessari. Með skertri líkamsfærni er átt við verki eða aðra skerðingu á líkamsstarfsemi sem truflar athafnir daglegs lífs.

Auk tilvika sem tilgreind eru í 1. mgr. taka sjúkratryggingar til útlitseinkenna sem flokkast utan eðlilegs líffræðilegs breytileika og tilgreind eru í VI. dálki fylgiskjals með reglugerð þessari.

Sjúkratryggingar taka ekki til fegrunaraðgerða en til fegrunaraðgerða teljast m.a. brjóstastækkanir, strekking magahúðar í fegrunarskyni, aðgerðir á andliti og eyrum til að lagfæra minniháttar útlitsafbrigði, önnur en ör.

4. gr.

Undanþágur.

Sjúkratryggingar taka ekki til annarra lýtalækninga, en tilgreindar eru í VI. dálki í fylgiskjali með reglugerð þessari, nema fyrir liggi fyrirfram samþykkt undanþága samkvæmt 2. mgr.

Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hvort veita skuli undanþágu til greiðsluþátttöku vegna annarra lýtalækninga en tilgreindar eru í VI. dálki fylgiskjals með reglugerðinni. Krefjist þjónustan innlagnar á sjúkrahús skal sjúkrahúsið þó ákveða hvort veita skuli undanþágu.

Umsókn um undanþágu vegna lýtalækninga sem krefjast fyrirfram samþykkis Sjúkratrygginga Íslands, skv. 1. mgr. skal vera á því formi sem stofnunin ákveður og skal vottorð heilsugæslu- eða heimilislæknis um skerta líkamsfærni hins sjúkratryggða fylgja umsókninni. Réttur sjúkratryggðs til greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna lýtalækninga þegar krafist er fyrirfram samþykkis Sjúkratrygginga Íslands skv. 1. mgr., fellur niður ef meðferð er framkvæmd án umsóknar um undanþágu eða áður en stofnunin hefur tekið afstöðu til umsóknar.

5. gr.

Sjúkraskrá.

Með sjúkdómsgreiningu í sjúkraskrá skal varðveita mynd sem sýnir lýti og eftir atvikum stærð þess áður en meðferð hefst. Í sjúkraskrá skal einnig varðveita meðferðaráætlun og lýsingu lækni á þeim árangri sem að er stefnt. Í áætluninni skal tilgreina einstök lækni verk, sbr. gildandi gjaldskrá,

svo og fjölda þeirra. Um færslu sjúkraskrár fer að öðru leyti skv. II. kafla laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár.

6. gr.

Kostnaðarhlutdeild sjúkratryggðra.

Um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna lýtalækninga fer samkvæmt reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu (nú reglugerð nr. 1204/2008).

7. gr.

Stjórnarsýslukæror.

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð greiðslna vegna lýtalækninga utan heilbrigðisstofnana samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar. Í öðrum tilvikum fer um kærur samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 17.-19. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár, öðlast gildi 1. október 2009. Frá sama tíma fellur reglugerð nr. 471/2001 um greiðslur sjúkratrygginga fyrir lýtalækningar og fegrunaraðgerðir úr gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 21. ágúst 2009.

Ögmundur Jónasson.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Fylgiskjal
með reglugerð um lýtatekningar sem sjúkratryggingar almennatrygginga taka til:

I	II	III	IV	V	VI	VII
1. kafli. Húðvandamál:						
				X merkir annars vegar greiðslupáttöku sjúkratrygginga og hins vegar ekki eftir því í hvorum dálki það er		
Nr.	ICD-10	Sjúkdómur / ástand	Tegund meðferðar / inngrip	Afmörkun / skilyrði fyrir greiðslupáttöku	Greiðslu- þáttaka sjúkra- trygginga	Engin greiðslu- þáttaka sjúkra- trygginga nema með fyrirfram samþykktri undanþágu
1		Exem (Eczema)	Meðferð með Xtrac leysertækni	Meðferð á brálátum exemblettum.	X	
2	L40	Sóri (Psoriasis)	Meðferð með Xtrac leysertækni	Meðferð við sóra.	X	
3	L80	Skjallblettir (Vitiligo)	Meðferð með Xtrac leysertækni	Ekki greiðslupáttaka, sjá þó undantekningu í lið nr. 4.		X
4	L80	Skjallblettir (Vitiligo) - undantekning	Meðferð með Xtrac leysertækni	Skjallblettir á höfði eða hálsi sem eru veruleg útlitslýti á sjúklingum yngri en 18 ára.	X	
5	L80	Skjallblettir (Vitiligo)	Ágræðsla á eigin húð			X
6		Valbrá (Hemangioma) (Port wine stain)	Með leysertækni eða öðrum aðferðum	Ekki greiðslupáttaka, sjá þó undantekningu í lið nr. 7.		X
7		Valbrá (Hemangioma) (Port wine stain) - undantekning	Með leysertækni eða öðrum aðferðum	Valbrá á höfði eða hálsi sem er verulegt útlitslýti á sjúklingum yngri en 18 ára.	X	
8	L71	Róstroði (Rosacea)	Með leysertækni eða skurðaðgerð			X
9	M32	Rauðir úlfar (systemic lupus erythematosus)	Með leysertækni eða skurðaðgerð			X
10	L945	Flikruhúð með háreðavíkkun og rýmun (Poikiloderma vasculare atrophicans)	Með hvaða aðferð sem er			X
11	L573	Civattesflikruhúð (Poikiloderma of Civatte)	Með hvaða aðferð sem er			X
12		Húðbreytingar vegna sólarljóss (photo-ageing)	Með hvaða aðferð sem er			X
13		Ojfn húðlitun (epidermal pigmentation)	Með hvaða aðferð sem er			X
14		Óldrunarbreytingar á húð - hrukkur	Með hvaða aðferð sem er			X
15	L70	Gelgubólur, arta (Acne - Acne vulgaris)	Efnaerting (Chemical peel)	Ekki greiðslupáttaka.		X

16	Góðkynja húðmeiðni önnur en húðsepar (skín tags)	Með hvaða aðferð sem er	Ekki greiðslupáttataka þegar fjarlægð eru góðkynja húðmeiðni sem ekki eru ógn við heilsu eða færni, sjá þó undantekningu í lið nr. 17.		X
17	Góðkynja húðmeiðni önnur en húðsepar (skín tags) - undantekning	Með hvaða aðferð sem er	Góðkynja húðmeiðni sem er verulega afmyndandi á höfði eða hálsi eða húðmeiðni sem verða fyrir endurtekningu eða valda blæðingu.	X	
18	Húðsepar (skín tags)	Fjarlæging	Ekki greiðslupáttataka, sjá þó undantekningu í lið nr. 19.		X
19	Húðsepar (skín tags) - undantekning	Fjarlæging	Húðsepar sem verða fyrir endurtekningu eða valda blæðingu.	X	
20	Húðmeiðni svo sem fæðingarblettir, æðaæxli, körtuhornlag og taugatreffjæxlagar (nevi, hemangioma, keratosis, neurofibromata)	Brotnám (excision) eða eyðing	Ekki greiðslupáttataka, sjá þó undantekningar í liðum nr. 21 og 22.		X
21	Húðmeiðni svo sem fæðingarblettir, æðaæxli, körtuhornlag og taugatreffjæxlagar (nevi, hemangioma, keratosis, neurofibromata) - undantekning	Brotnám (excision) eða eyðing	Rökstuddur grunur um krabbamein svo sem þegar blettir eru óreglulegir í lit eða lögum eða breytingar verða í útliti bletta.	X	
22	Húðmeiðni svo sem fæðingarblettir, æðaæxli, körtuhornlag og taugatreffjæxlagar (nevi, hemangioma, keratosis, neurofibromata) - undantekning	Brotnám (excision) eða eyðing	Húðmeiðni sem er verulega afmyndandi á höfði eða hálsi, eða húðmeiðni sem skerðir líkamsfærni verulega.	X	
23	Grunnfrumukrabbamein og forsigsbreytingar (geislunarhyrning)	Skurðaðgerð, brennsla, frýsting eða leysirmeðferð		X	
24	Vörtur (Warts)	Fjarlæging eða eyðing	Ekki greiðslupáttataka, sjá þó undantekningu í lið nr. 25.		X
25	Vörtur (Warts) - undantekning	Fjarlæging eða eyðing	Vörtur sem valda verulegri skerðingu á líkamsfærni og hafa ekki svarað íhaldsamri meðferð.	X	
26	Kynfæravörtur Condyloma	Penslun	A kynfæri og endaparmsop með vörtudrepanði efni.	X	
27	Kynfæravörtur Condyloma	Brennsla, frýsting eða leysirmeðferð	Hefur ekki svarað viðeigandi lyfjameðferð með vörtudrepanði efni eða þegar lyfjameðferð á ekki við.	X	

28	Ör				Ekki greiðslupáttataka, sjá þó undantekningu í lið nr. 29.		X
29	Ör - undantekning		Meðferð fer eftir megininu t.d. brottmám með skurðaðgerð, endurnátun, húðslípun, efnaerting eða innspýting með viðeigandi lyfjum.		a) Veruleg útlíslýti á höfði eða hálsi í kjölfar slyss, sjúkdóms eða nauðsynlegrar meðferðar sem ekki telst februnaraðgerð. b) Meðferð á öðrum líkamssvæðum en höfði og hálsi þegar um er að ræða verulega skerðingu á líkamsfærni og þess er að vænta að meðferð dragi umtalsvert úr skerðingunni.	X	
30	Húðflúr		Fjarlægð með skurðaðgerð eða á annan hátt		Ekki greiðslupáttataka, sjá þó undantekningu í liðum nr. 31 og 32.		X
31	Húðflúr - undantekning		Fjarlægð með skurðaðgerð eða á annan hátt		Húðflúr á andliti og hálsi sem er afleiðing misnotkunar eða dvalar í stríðsfangabúðum.	X	
32	Húðflúr - undantekning		Húðflúr		Húðflúr er hluti af læknisfræðilega nauðsynlegri meðferð s.s. geislameðferð eða aðgerð til að endurskapa brjóst.	X	
33	L680 Hárvöxtur (óeðlilegur) - Ofloðna (Hirsutism)		Tímabundin fjarlægð með hvaða aðferð sem er		Ekki greiðslupáttataka, sjá þó undantekningu í lið nr. 34.		X
34	L680 Hárvöxtur (óeðlilegur) - Ofloðna (Hirsutism) - undantekning		Vارانleg fjarlægð hárs með rafháreyðingu (electrolysis), leyserýðingu, hitaeyðingu (thermolysis) eða ljóseyðingu (photoablation)		Aberandi svört, þétt og gróf hár á andliti eða hálsi konu á svæði sem er stærra en 3 fersentimetrar.	X	
35	L680 Hárvöxtur (Hypertrichosis)		Vارانleg fjarlægð hárs með rafháreyðingu (electrolysis), leyserýðingu, hitaeyðingu (thermolysis) eða ljóseyðingu (photoablation)		Ekki greiðslupáttataka, sjá þó undantekningu í lið nr. 36.		X
36	L680 Hárvöxtur (Hypertrichosis) - undantekning		Vارانleg fjarlægð hárs með rafháreyðingu (electrolysis), leyserýðingu, hitaeyðingu (thermolysis) eða ljóseyðingu (photoablation)		Hárvöxtur á andliti eða hálsi á konu sem stafar af undirliggjandi sjúkdómi s.s. fjölbelgja-eggjastokkshelkenni (Polycystic Ovarian Syndrome) eða cushingshelkenni (Cushing's disease).	X	
37	L63 L64 L66 Skalli (Alopecia)		Hárgreðsla, ágreðsla (hair transplant)				X
38	L63 L64 L66 Skalli (Alopecia)		Viðgerð m.a. með „skin shifts /- flaps“ eða „skin grafts“ eða „hair plugs“		Ekki greiðslupáttataka, sjá þó undantekningu í lið nr. 39.		X

39	L63 L64 L66	Skalli (Alopecia) - undantekning	Viðgerð m.a. með „skin shifts /-flaps“ eða „skin grafts“ eða „hair plugs“	a) Ekki arfgengt (non-hereditary) hárlaus á höfði sjúklings yngri en 18 ára. Ef fyrirsjáanlegt er að fyrirfram ákveðin aðgerð dragist fram yfir sautján ára aldur þarf fyrirfram samþykki Sl. b) Hártap af höfði eftir áverka (post-traumatic).	X	
----	-------------------	----------------------------------	---	--	---	--

2. kafli. Brjóstavandamál:

Nr.	ICD-10	Sjúkdómur / ástand	Tegund meðferðar / inngrip	Afmörkun / skilyrði fyrir greiðsluþátttöku Sl	Greiðsluþátttaka sjúkra-trygginga	Engin greiðsluþátttaka sjúkra-trygginga nema með fyrirfram samþykktri undanþágu
40	N62	Brjóst - ofstækkun (macromastia)	Brjóstaminnkun með skurðaðgerð	Bæði brjóst hjá fullþroska konu eru stór og þung og valda alvarlegri skerðingu á líkamsfærni. Skilyrði er að einkenni hafi ekki svarað íhaldssamri meðferð s.s. viðeigandi brjóstahöldum, megrun, æfingum eða lyfja-meðferð. Einkenni sem geta verið afleiðing stórra brjósta eru m.a.: a) Endurteknar eða viðvarandi sýkingar, kýli, exem og sáramyndun undir brjóstum. b) Viðvarandi verkir í hálsi, herðum eða öxlum. c) Viðvarandi óeðlileg líkamsstaða og bakverkir með takmörkun á líkamsfærni. d) Viðvarandi náladoði, verkir eða máttleysi í handlegg vegna þrýstings á taugar eða æðar. e) Renna eða sár í sjalvöðva undan brjóstahöldum. f) Öllum tilvikum skal lækna áætla hvað fjarlægja þurfi mikinn brjóstavef (ekki fituvef) úr hvoru brjósti og skal ákvörðun um hvort aðgerð falli undir sjúkratryggingar byggð á þeirri áætlun að teknu tilliti til líkamsyrifborðs viðkomandi. Nota ber Schnur Sliding Scale.	X	
41	Q830	Brjóst - vanþroski	Brjóstastækkun með skurðaðgerð	Annað brjóst hjá fullþroska konu vegna alvarlegs vanvaxtar (hypoplastic breast).	X	

42	T. d. Z853 Z901	Brjóst - vöntun eða alvarlegt misræmi í stærð eða lögun í kjölfar brotnáms (Post-mastectomy)	Endursköpun brjóstis eða brjóstá með skurðaðgerð (reconstruction)	Annað brjóst eða bæði hjá fullþroska konu í kjölfar hvers konar brotnáms þ.m.t. fleygskurðar.	X	
43		Brjóst - misræmi í stærð eða lögun	Brjóstaminnkun eða -stækkun með skurðaðgerð	Verulegt misræmi í brjóstasterð eða í tengslum við læknisfræðilega nauðsynlega stækkun á hinu brjóstinu eða í kjölfar enduruppbyggingar vegna brotnáms þess.	X	
44	Q831 Q833	Aukbrjóst eða aukageirvarta	Brotnám með skurðaðgerð	Hjá konu.	X	
45		Brjóst karla - ofstækkun (Gynecomastia)	Brjóstaminnkun með skurðaðgerð eða fitusogi	Ekki greiðslupátttaka, sjá þó undantekningu í lið nr. 46.		X
46		Brjóst karla - ofstækkun (Gynecomastia) - undantekning	Brjóstaminnkun með skurðaðgerð	Verulegt útlitsafrígðri vegna aukaverkana lífsnauðsynlegra lyfja eða erfðagalla. Skjalfest skal að meðferðin sé gerð til þess að fjarlægja brjóstavef en ekki fituvef.	X	
47		Brjóst - sig	Skurðaðgerð, brjóstalyfing (Mastopexy - breast lift)	Ekki greiðslupátttaka, sjá þó undantekningu í lið nr. 48.		X
48		Brjóst - sig - undantekning	Skurðaðgerð, brjóstalyfing (Mastopexy - breast lift)	Verulega skert líkamsfæmi, s.s. úðar og endurteknar eða viðvarandi sýkingar, kýli, sármyndanir eða exem sem ekki hafa látið undan viðeigandi lyfjameðferð í a.m.k. 6 mánuði, þ.m.t. minnst tveir 10 daga kúrar af sýklalyfjum um munn ef um sýkingu er að ræða.	X	
49		Hlutrænn fylgikvilli brjóstgervis og ígræðis (Breast implants)	Skurðaðgerð, brotnám	Ekki greiðslupátttaka, sjá þó undantekningu í lið nr. 50.		X
50	T854	Hlutrænn fylgikvilli brjóstgervis og ígræðis (Breast implants) - undantekning	Skurðaðgerð, brotnám	Hjá konu sem hefur fengið fyllingu vegna enduruppbyggingar brjóstis eða af öðrum læknisfræðilegum ástæðum.	X	

3. kafli. Augnaðgerðir:

Nr.	ICD-10	Sjúkdómur / ástand	Tegund meðferðar / inngrip	Afmörkun / skilyrði fyrir greiðslupátttöku	Greiðslu- pátttaka sjúkra- trygginga	Engin greiðslu- pátttaka sjúkra- trygginga nema með fyrirfram samþykkttri undanþágu
51	H024 Q100	Augnlokssig (Blepharoplasty) (ptosis correction), meðfædd lokbrá	Skurðaðgerð	Löðrétt takmörkun á sjónsviði vegna augnlokssigs sem fer yfir „fixation point“.	X	
52	H001	Augnloksprymill (Chalazion)	Lyfjameðferð	Lyfjameðferð í allt að 3 mánuði.	X	

53	H001	Augnloksþrymill (Chalazion)	Skurðaðgerð	a) Bráð augnlokabólga eða þrymill sem veldur sjónskekkju (astigmatism) (H522) eða verulegri sjónsviðsskerðingu og ekki hefur svarað viðeigandi lyfjameðferð. b) Þegar rökstuðdur grunur er um krabbamein.	X	
54	H026	Gulffikra á augnloki (Xanthelasma)	Skurðaðgerð			X

4. kafli. Meðfæddir sköpulagsgallar (afmyndanir)/(deformities):

Nr.	ICD-10	Sjúkdómur / ástand	Tegund meðferðar / inngrip	Afmörkun / skilyrði fyrir greiðsluþátttöku	Greiðsluþátttaka sjúkra-trygginga	Engin greiðsluþátttaka sjúkra-trygginga nema með fyrirfram samþykktri undanþágu
55		Sköpulagsgallar	Með hvaða aðferð sem er	Sí Meðferð á sköpulagsgalla sem veldur verulegri truflun á færni (function).	X	
56		Útstandandi eyru (Congenital protruding ears)	Skurðaðgerð	Einstakingur yngri en 18 ára og fjarlægð á milli eyrnabrunar (helical brim) og stikilsbeins (mastoid) er meiri en 2,1 sm.	X	
57	Q676	Trektarbringa (Pectus excavatum)	Skurðaðgerð			X
58	Q677	Fuglsbringa (pectus carinatum)	Skurðaðgerð			X

5. kafli. Afmyndanir:

Nr.	ICD-10	Sjúkdómur / ástand	Tegund meðferðar / inngrip	Afmörkun / skilyrði fyrir greiðsluþátttöku	Greiðsluþátttaka sjúkra-trygginga	Engin greiðsluþátttaka sjúkra-trygginga nema með fyrirfram samþykktri undanþágu
59		Afmyndanir í kjölfar áverka		Sí Ekki greiðsluþátttaka, sjá þó undantekningu í liðum nr. 60 og 61.		X
60		Afmyndanir í kjölfar áverka - undantekning	Með hvaða aðferð sem er	Afmyndanir af völdum áverka sem valda verulegu útlíslýti á höfði eða hálsi.	X	
61		Afmyndanir í kjölfar áverka - undantekning	Viðgerð/endursköpun (reconstructive) t.d. bein „revision“, tilfærsla á vef eða veffigræðsla, íhlutur/prótesa	Viðgerð sem er framkvæmd innan tveggja ára frá áverka, eða er hluti af fyrirfram ákveðinni meðferðaráætlun. Hjá börnum er þó tekið tillit til vaxtar í tímaáætlun.	X	
62		Afmyndanir í kjölfar sjúkdóms s.s. ítap eða aflögun (distortion) á beini, vöðva, band- eða fituvef	Viðgerð/endursköpun (reconstructive), tilfærsla á vef eða veffigræðsla, bein „revision“, íhlutur/prótesa	Umhalsverðar afmyndanir á höfði eða hálsi á bráðatímabili (acute stage) innan viðeigandi batatíma (reasonable convalescence) eða þegar viðgerðin er hluti af fyrirfram ákveðinni meðferðaráætlun.	X	

63	Andlitsaflögum vegna öldrunar	Andlitslyfting og afbrigði andlitslyftingar, ennislyfting (brow lifts)			X
64	Andlitslömun eða -aflögum í kjölfar heilaáfalls, krabbameins eða lömunar á áttundu heilataug	Andlitslyfting með lykkjum (underlying slings) eða öðrum aðferðum	Veruleg afmyndun (significant deformity).	X	

6. kafli. Nef og septum aðgerðir (septorhinoplasty):

Nr.	ICD-10	Sjúkdómur / ástand	Tegund meðferðar / inngríp	Afmörkun / skilyrði fyrir greiðslupáttöku	Greiðslu- páttaka sjúkra- trygginga	Engin greiðslu- páttaka sjúkra- trygginga nema með fyrirfram samþykkttri undanþágu
65	J342	Skökk nefskipti (deviated nasal septum) Septorhinoplasty	Skurðaðgerð	Afmörkun / skilyrði fyrir greiðslupáttöku Sí a) „Rhinoplasty“ þátturinn er nauðsynlegur til að ná ásættanlegum öndunarvegi (adequate airway). b) Einstaklingur er yngri en 18 ára við áverka. c) „Rhinoplasty“ er lokið eða hún er hluti af fyrirfram ákveðinni meðferðaráætlun sem hefst í kjölfar áverka og fyrir 19. aldursár. d) Einstaklingur er eldri en 17 ára við áverka og „rhinoplasty“ er lokið eða hún er hluti af fyrirfram ákveðinni meðferðaráætlun sem hefst innan tveggja ára í kjölfar áverka.	X	

7. kafli. Fjarlæging of mikillar (excessive) húðar eða of mikils fituvefs:

Nr.	ICD-10	Sjúkdómur / ástand	Tegund meðferðar / inngríp	Afmörkun / skilyrði fyrir greiðslupáttöku	Greiðslu- páttaka sjúkra- trygginga	Engin greiðslu- páttaka sjúkra- trygginga nema með fyrirfram samþykkttri undanþágu
66		Umframhúð	Skurðaðgerð	Afmörkun / skilyrði fyrir greiðslupáttöku Sí Ekki greiðslupáttaka, sjá þó undantekningu í lið nr. 67.		X
67		Umframhúð - undantekning	Skurðaðgerð	Verulega skert líkamsfærni vegna umframhúðar, á handleggjum, lærum, baki eða rassi, sem veldur tíðum, endurteknum eða viðvarandi sýkingum, kýlum, sárum eða exemum sem ekki hafa látið undan lyfjameðferð sem staðið hefur í a.m.k. 6 mánuði, þ.m.t. minnst tveir 10 daga kúrar af sýklalyfjum um munn ef um sýkingu er að ræða.	X	

68	M793	Spikfell		„Svuntuaðgerð“ (panniculectomy)	Verulega skert líkamshæfni vegna spikfells á kviði sem veldur tíðum, endurteknum eða viðvarandi sýkingum, kylum, sárum eða exemum sem ekki hafa látið undan lyfjameðferð sem staðið hefur í a.m.k. 6 mánuði, þ.m.t. minnst tveir 10 daga kúrar af sýklalyfjum um munn ef um sýkingu er að ræða.	X	
69		Kynskipti		Skurðaðgerð			X
70		Aðgerð til að breyta kynfærum		Skurðaðgerð			X

8. kafli. Æðahnútar í neðri útlimum:

Nr.	ICD-10	Sjúkdómur / ástand	Tegund meðferðar / inngrip	Afmörkun/skilyrði fyrir greiðslubáttöku	Greiðslubáttaka sjúkra-trygginga	Engin greiðslubáttaka sjúkra-trygginga nema samþykktri undanþágu
71	I83	Æðahnútar: Æðar minni en 3 mm í þvermál og hátræðavíkkun (telangiectasis, spider veins)	Meðferð / fjarlæging með hvaða aðferð sem er	Sí		X
72	I83	Æðahnútar: Æðar 3 mm eða meira í þvermál (Varicose veins)	Skurðaðgerð	Æðahnútar á neðri útlimum sem valda engum eða vægum einkennum. Ekki greiðslubáttaka, sjá þó undantekningu í liðum nr. 73 og 74.		X
73	I83	Æðahnútar: Æðar 3 mm eða meira í þvermál (Varicose veins) - undantekning	Skurðaðgerð	Æðahnútar á neðri útlimum, sem valda alvarlegum einkennum og einstaklingar sem eru að koma í enduraðgerð efir árangursríka aðgerð sem greidd hefur verið af sjúkratryggingum.	X	
74	I83	Æðahnútar: Æðar 3 mm eða meira í þvermál (Varicose veins) - undantekning	Sclerosering í kjölfar skurðaðgerðar	Sclerosering í 2 skipti að lokinni aðgerð sem greidd hefur verið af sjúkratryggingum sbr. lið nr. 73.	X	

9. kafli. Ýmislegt:

Nr.	ICD-10	Sjúkdómur / ástand	Tegund meðferðar / inngrip	Afmörkun/skilyrði fyrir greiðslubáttöku	Greiðslubáttaka sjúkra-trygginga	Engin greiðslubáttaka sjúkra-trygginga nema samþykktri undanþágu
75	R61	Ofsvitnun (Hyperhidrosis)	Með hvaða aðferð sem er	Sí Ekki greiðslubáttaka, sjá þó undantekningu í lið nr. 76.		X

76	R61	Ofsvitnun (Hyperhidrosis) - undantekning	Skurðaðgerð	Verulega skert líkamstærni þegar öll efiertalin skilyrði eru uppfyllt: a) Staðbundin notkun sterkra svitastöðvandi efna (t.d. Aluminium chloride) gagnast ekki eða veður alvarlegum útbrotum. b) Sjúklingur svarar ekki eða þolir ekki viðeigandi lyfjameðferð (andkólning lyf, beta hemla eða bensodíazepín). c) Fullnægjandi svörum fæst ekki með Botox-A meðferð.	X	
77		Raddbreyting / raddhækkun (Voice lifting)	Með hvaða aðferð sem er			X